

Fundargerð (40)

Fundur haldinn gegnum fjarfundabúnað Teams þriðjudaginn 10. ágúst 2021, kl. 14.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Halldóra S. Sveinsdóttir
Frá Bandalagi háskólamanna; Laufey Gissurardóttir
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir og Einar Mar Þórðarson
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir
Frá Reykjavíkurborg; Harpa Ólafsdóttir og Kolbeinn Guðmundsson
Frá Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu; Sigurjón Kærnested og Hildur Vignisdóttir
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson og Bára Hildur Jóhannsdóttir
verkefnisstjóri
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

- 1. Fundargerð 39. fundar.** Til upprifjunar var farið var yfir fundargerð síðasta fundar fyrir sumarhlé, sem haldinn var 30. júní sl. Fundargerðin var samþykkt en mál sem þá voru í vinnslu verða á dagskrá næsta fundar stýrihópsins.
- 2. Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu verkefnisstjórnar. Ánægju var lýst með kafla undir yfirskriftinni **Verkefni/mál sem verkefnastjórn hefur í vinnslu og staða þeirra** og óskað eftir yfirferð slíkra mála í framvinduskýrslum eftirleiðis. Engar athugasemdir hafa borist við að endurskoðað minnisblað **um skráningu á veikindum**, sem stýrihópurinn fékk sent rafrænt 30. júní sl. Verður það kynnt á fyrirhuguðum fundum með launagreiðendum og launafólki.
- 3. Matshópur – staðan.** Í gögnum fundarins er **SAMKOMULAG UM VERKLAG OG SAMEIGINLEGA ÁBYRGÐ Á VINNSLU PERSÓNUUPPLÝSINGA VEGNA VERKEFNIS UM BETRI VINNUTÍMA Í VAKTAVINNU**, sem lögræðingar aðila hafa unnið ásamt **vinnsluskrá** um meðferð upplýsinganna. Stýrihópur fagnaði samkomulaginu sem er forsenda meðferðar hópsins á trúnaðarupplýsingum og það fyrir þakkir til þeirra sem að því unnu. Þá staðfesti stýrihópurinn uppfært erindisbréf matshópsins með nöfnum þeirra sem aðgang hafa að trúnaðarupplýsingum í þessu starfi. Kolbeinn greindi frá því að matshópurinn hafi tekið sumarhlé eftir fundatörn í lok júnímánaðar. Fyrsti fundur eftir sumarfrí verður fimmtudaginn 12. ágúst. Í umræðu var áréttað að störf matshópsins og skýrslur hans til stýrihópsins séu lykillinn að faglegri eftirfylgni með því hvort kerfisbreytingarnar skili sér með þeim hætti sem aðilar stefndu að. Jafnramt sé virkni matshópsins og skilvirkar skýrslur hans til

stýrihópsins lykillinn að því að hægt sé að bregðast við tímanlega ef árangur á einstökum sviðum er ekki sá sem vænst var.

4. Fjölmíðlaumfjöllun. Rædd umfjöllun um kerfisbreytingarnar í vaktavinnu í erlendum og innlendum fjölmíðlum og í úttektum og skýrslum. Almennt talin ástæða til að fagna miklum áhuga og umræðu þótt í einstökum tilvikum, ekki síst hjá erlendum fjölmíðlum, hafi gætt misskilnings um ákveðna þætti. Mikilvægt sé að hafa ætíð í huga þau tímamót sem felist í kerfisbreytingunni. Ekki er aðeins horft til styttri vinnutíma heldur líka til samsetningar hans og markmiðs um að bæta starfsumhverfi starfsfólks og stjórnenda og mæta þannig ákalli um betra skipulag vinnutíma. Nýja kerfið og leiðarljósin um öryggi, heilsu og jafnvægi byggist á vísindalegum rannsóknum á áhrifum vaktavinnu og mikilvægi breytinga fyrir starfsmenn, þjónustu og fjölskyldulíf.

5. Önnur mál

- Sigurjón Kærnested tilkynnti að Heiða Björk Vignisdóttir taki við sem varafulltrúi Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu bæði í stýrihópi og matshópi. Mun hann staðfesta það í tölvupósti til verkefnisstjóra.
- Bára Hildur gerði grein fyrir því að hún hafi verkefna- og fundaáætlun fyrir stýrihópinn í vinnslu. Þar verði m.a. gerð grein fyrir hvernig og hvenær málefni matshóps og innleiðingarhópa verða á dagskrá stýrihópsfunda. Rætt um hvort hentugra sé að fastir fundartímar séu á öðrum dögum og tíma dags. Verkefnaáætlunin og tillaga um fasta fundartíma verður undirbúin í samvinnu við fundarstjóra og Aldísi f.h. launagreiðenda og Sonju Ýr f.h. launafólks.

Fundi slitið kl. 15.12. Næsti fundur verður þriðjudaginn 17. ágúst kl. 14-15.30. Fundargerð er aðgengileg á Teams.